

100. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.
Haldinn í Bergi 19. mars 2021. Fundur hófst kl. 14:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Gunnþór E. Gunnþórsson og Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Menningarhússins Bergs.

Dagskrá:

- 1. Starfsemi á kaffihúsinu í Bergi.** Samþykkt að auglýsa eftir umsjónaraðila með veitingarekstri í Bergi og einblína á sumarmánuðina en með opinn möguleika á framlengingu í haust. Auglýsingin birtist á mánudag með umsóknarfresti til og með 15. apríl.
- 2. Þrif.** Ákveðið að framlengja óbreyttan samning við þann sem ræstir húsið til 1. júní.
- 3. Viðbuðir og sýningar framundan.** Björk gerði grein fyrir umfangi gildandi sóttvarnaraðgerða vegna viðburða í húsinu. Hún fór einnig yfir bókanir sem þegar liggja fyrir um viðburði og sýningar í Bergi það sem eftir lifir árs. Sýning sem fyrirhuguð var í salnum nú í apríl verður ekki, en unnið er að því að finna annað í staðinn.

Fundi slitið kl. 15:20.